
FW: Málþing Allir með 30. janúar 2026

From Valdimar Smári Gunnarsson <valdimar@ifsport.is>

Date Fri 2025-12-12 16:21

To samband@samband.is <samband@samband.is>; gardabaer@gardabaer.is <gardabaer@gardabaer.is>; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; kjos@kjos.is <kjos@kjos.is>; kopavogur@kopavogur.is <kopavogur@kopavogur.is>; mos@mos.is <mos@mos.is>; upplýsingar@reykjavik.is <upplýsingar@reykjavik.is>; postur@seltjarnarnes.is <postur@seltjarnarnes.is>; grindavik@grindavik.is <grindavik@grindavik.is>; afgreidsla@sudurnesjabaer.is <afgreidsla@sudurnesjabaer.is>; skrifstofa@vogar.is <skrifstofa@vogar.is>; akranes@akranes.is <akranes@akranes.is>; dalir@dalir.is <dalir@dalir.is>; oddviti@eyjaogmikla.is <oddviti@eyjaogmikla.is>; grundarfjordur@grundarfjordur.is <grundarfjordur@grundarfjordur.is>; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; skorradalur@skorradalur.is <skorradalur@skorradalur.is>; snb@snb.is <snb@snb.is>; stykkisholmur@stykkisholmur.is <stykkisholmur@stykkisholmur.is>; bolungarvik@bolungarvik.is <bolungarvik@bolungarvik.is>

Góðan dag,

Um áramót lýkur þriggja ára upphafstímabili Allir með verkefnisins. Verkefnið hefur á þessum tíma lagt grunn að nýjum tækifærum, auknu aðgengi og breyttu viðhorfi til þátttöku fatlaðra barna í íþróttastarfi. Í kjölfar jákvæðra áhrifa hefur verið ákveðið að framlengja verkefnið um önnur þrjú ár.

Í tilefni þess viljum við bjóða þér á málþing þar sem farið verður yfir stöðu verkefnisins, reynslu og lærdóma síðustu ára og rætt um næstu skref og framtíðarsýn. Markmiðið er að skapa vettvang þar sem fagfólk, foreldrar, sveitarfélög, íþróttafélög og samstarfsaðilar geta átt samtal og haft áhrif á áframhald verkefnisins.

Málþing Allir með - Ferðin hingað og ferðalagið framundan

Dagsetning 30. Janúar 2026

Staðsetning Minigarðurinn

Tímasetning kl. 09:00-12:30

Skráningarform má finna [hér](#)

Facebook viðburð má finna [hér](#)

Dagskrá verður auglýst á Facebook viðburði þegar nær dregur.

Á málþinginu mun fjöldi fyrirlesara deila innsýn, reynslu og hugmyndum, allt frá foreldrum og þjálfurum til sérfræðinga, félagsþjónustu, sveitarfélaga, íþróttafélaga og rannsakenda. Saman viljum við skoða hvað hefur áunnist, hvaða áskoranir bíða okkar og hvernig við byggjum upp öruggt, aðgengilegt og innihaldsríkt íþróttalíf fyrir öll börn.

Við viljum bjóða þér að taka þátt og leggja þitt af mörkum til næstu skrefa verkefnisins. Öllum er velkomið að koma og taka þátt í deginum með okkur.

Ef spurningar vakna má hafa samband á valdimar@ifsport.is og thelma@ifsport.is

Kveðja